
Breyting á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 30. október 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arnarlax ehf. um fyrirhugaða breytingu á starfsleyfi Arnarlax í Patreks- og Tálknafirði, Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breyting á starfsleyfi í Patreks- og Tálknafirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Arnarlax ehf. 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Tálknafjarðarhreppi með tölvupósti dags. 13. nóvember 2020.
- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 16. nóvember 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 18. desember 2020.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti 18. nóvember 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi 4. nóvember 2020.
- Matvælastofnun með tölvupósti 24. nóvember 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti 16. nóvember 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti 16. nóvember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 1. og 9. desember 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD


Arnarlax hf. hefur leyfi til að framleiða 10.700 tonn af laxi á ári í Patreks- og Tálknafirði með hámarkslífmassa uppá 12.200 tonn. Leyfin eru bundin við þrjú svæði í Patreksfirði, Þúfnaeyri, Sandodda og Hlaðseyri og eitt svæði í Tálknafirði, Laugardal.

Í gildandi starfsleyfi er kveðið á um að rekstraraðila sé ekki heimilt að losa efni, svo sem kopar og önnur efni sem talin eru upp í listum 1. og 2. í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í eftirliti Umhverfisstofnunar þann 14. nóvember 2018 var gerð athugasemd við að verið væri að nota eldisnætur sem innihéldu koparoxíð sem ásætuvörn og var úrbótaáætlun vegna þessa frávíks samþykkt þann 3. maí 2019.

Arnarlax hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi svo að að heimilt verði að notast við eldisnætur með ásætuvörn sem inniheldur koparoxíð í Patreksfirði og Tálknafirði. Í greinargerð Arnarlax kemur fram að markmiðið með notkun ásætuvarna sem innihalda koparoxíð sé að draga úr þrifum á



eldisnótum. Eldisnætur sem ekki innihaldi kopar sem ásætuvörn þurfi að þrifa á um það bil sex vikna fresti en nætur með ásætuvörn sem innihaldi koparoxíð þurfi að þrifa á um það bil átta til tólf mánaða fresti.



Eldissvæði Arnarlax (áður Fjarðalax) í Patreks- og Tálknafirði. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Arnarlax ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Heilbrigði fiska, ástand sjávar og botndýralíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að markmið með notkun eldisnóta með ásætuvörn sem inniheldur koparoxíð sé til að lágmarka þrif á eldisnótum. Eldisnætur sem innihalda ásætuvörn með koparoxíð dragi úr eða komi í veg fyrir vöxt gróðurs sem sest á næturnar. Mikilvægt sé að nætur séu hreinar til að tryggja eðlileg sjóskipti og súrefnismettun í kvíunum sem hafi áhrif á vöxt, heilbrigði og afföll. Nætur verði þrifa í sjó með lágþrýsting með sérstökum ventlum sem notast við minni þrýsting en meira gegnumstreymi. Notast verði við sérstaka þrifavél sem leggist utan á eldisnæturnar og renni eftir nótnaveggnum við þrif. Með því að nota lágþrýsting við þrif minnki hættu á því að kopar losni úr kvíunum og berist í umhverfið. Vinna við þrif sé einn af áhættuþáttum þegar kemur að slyasleppingum. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili hafi notað nætur með koparoxíði sem ásætuvörn síðan 2014 í Arnarfirði á fjórum staðsetningum. Samkvæmt vöktunarmælingum Akvaplan Niva á styrk kopars í botnseti í Arnarfirði hafi styrkur kopars ekki verið að aukast og sé undir viðmiðunarmörkum. Þá kemur fram að notast verði við samskonar ásætuvörn og á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði og að þrif á sjókvíum verði með sambærilegum hætti.



Vöktun og mótvægisáðgerðir

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að kopar sé nú vaktaður á öllum eldissvæðum Arnarlax í Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði og sé það liður í vöktunaráætlun Arnarlax sem sé háð skilyrðum og samþykkis Umhverfisstofnunar. Botnsýni séu mæld áður en eldi hefjist að nýju eftir hvíld og við hámarkslífmassa hveftrar kynslóðar sem sé alin á eldissvæðum. Þannig sé gildi kopars vaktað tvisvar á u.þ.b. þriggja ára fresti á hverju eldissvæði. Komi í ljós að kopar safnist upp í botnseti og rekja megi þá uppsöfnun til notkunar á eldisnótum með ásætuvarn muni framkvæmdaraðili í samvinnu við Umhverfisstofnun hætta notkun á slíkum eldisnótum og eftir atvikum leita annarra leiða í ásætuvarnum.

Umsagnir

Í umsögnum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps kemur fram að þar sem að mat á umhverfisáhrifum vegna fiskeldis í Patreksfirði og Tálknafirði taki ekki tillit til þess að notaðar séu ásætuvarnir sem innihaldi koparoxíð sé fullnægjandi ástæða til að breyting á starfsleyfi Arnarlax í Patreks og Tálknafirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er gerð athugasemd við mælingar Akvaplan Niva á styrk kopars í Patreksfirði og Tálknafirði. Mælingar á kopar voru gerðar á fimm stöðvum á áhrifasvæði eldisins og á þremur viðmiðunarstöðvum. Einungis tvær stöðvar (áhrifasvæða) voru 25 m frá kvíum en aðrar 100-500 m frá þeim. Þá hafi umræddar koparlitaðar eldisnætur aðeins verið í sjó í rúmt ár þegar mælingar fóru fram. Þrátt fyrir að mælingar Akvaplan Niva á styrk kopars í botnseti hafi verið innan marka þurfi að meta langtímaáhrif af notkun slíkra ásætuvarna. Þá þurfi að gera grein fyrir hversu stór hluti kopars sem berist til umhverfissins sé á uppleystu formi í vatnssúlunni. Með hliðsjón af umfangi framkvæmdar þar sem fyrirhuguð breyting tekur til eldis þar sem hámarkslífmassi er yfir 10.000 tonn telur Hafrannsóknarstofnun að umbeðin breyting á framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í umsögn Matvælastofnunar að stofnunin telur áhrif af breytingu starfsleyfis muni hafa í för með sér bættar og öruggari aðstæður til eldis hvað varðar dýraheilbrigði og dýravelferð. Jafnframt sé mikilvægt að skilyrði um viðmiðunarmörk fyrir kopar verði sett í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og sé því gert skil telur stofnunin ekki ástæðu til að framkvæmdin gangist undir mat á umhverfisáhrifum með tilliti til útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Umhverfisstofnun bendir á að verði starfsleyfisskilyrðum breytt á þann veg að að notkun koparlitaðra nóta verði heimil verður einnig ákvæði um endurskoðun á heimildinni ef mælingar sýna fram á aukningu yfir viðmiðunarmörkum auk þess sem kveðið verður á um reglubundnar mælingar á styrk kopars í botnseti í vöktunaráætlun og þær mótvægisáðgerðir sem rekstraraðili skuli grípi til mælist styrkur kopars yfir viðmiðunarmörkum. Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun að áhrif fyrirhugaðrar breytingar á starfsleyfi á umhverfi liggi ljós fyrir og að í þessu tilfelli sé ferli umhverfismats ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrifum starfseminnar á umhverfið að því gefnu að skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi séu uppfyllt og skuli því ekki gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að notkun ásætuvarna sem innihaldi koparoxíð hafi lengi tíðkast og að áhrif séu að mestu þekkt. Ekki sé talið að uppsöfnun kopars eigi sér stað upp lífkeðjuna eða hafi langtímaáhrif. Vakta þurfi uppsöfnun kopars í botnseti við eldiskvíar. Með hliðsjón af því er ekki talið að mat á umhverfisáhrifum muni bæta miklum upplýsingum við, um áhrif á lífríki vegna notkunar á koparoxíð, umfram það sem er



þekkt og þeir aðilar sem hafa með veitingu starfsleyfa að gera hvað snertir mengun hafa nú þegar undir höndum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að markmið með nýtingu ásætuvarna snúi fyrst og fremst að bættri velferð eldisfiska en einnig til að bæta áhrif á umhverfið. Ásætur á netum á eldiskvíum í sjó auka þyngd á öllum búnaði, skapa aukið lífrænt álag og súrefnisflæði getur skerst í kvíum. Til að losa ásætur þarf að nota háþrýstipvott á nætur eldiskvíá sem getur haft ýmis neikvæð áhrif í för með sér. Lífrænt álag í umhverfinu getur aukist, því ásæturnar vaxa og dafna við eldið og losna svo við þvott. Streita eldisfiska getur aukist við þvottinn og afföll hreinsifiska eins og hrognkelsa getur aukist vegna tíðra þvotta á eldisnótum. Þegar ásætur losna myndast einnig mikið grugg sem hefur áhrif á sjón fiska sem þeir nýta til að koma auga á fóður en gruggið getur líka sest í tálkn fiska. Þá verður aukið álag á búnað og net við þvott sem eykur líkur á myndun gata og þar með möguleika á slyasleppingu. Þá hafi ásætuvarn sem framkvæmdaraðili notar í Arnarfirði markaðsleyfi samkvæmt Umhverfisstofnun.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

5 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði þar sem óskað er eftir að heimilt verði að nota ásætuvarn sem inniheldur koparoxíð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 1.11 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem álagspoli náttúrunnar, einkum með tilliti til strandsvæða og kjörlenda dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og tímalengd og tíðni áhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Sjókvíaelði Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði hefur sætt mati á umhverfisáhrifum. Sú framkvæmd sem ákvörðun þessi snýr að takmarkast við heimild til notkunar á ásætuvarnum í eldiskvíum sem innihalda koparoxíð. Framkvæmdin felur ekki í sér breytingu á stærð og umfangi sjókvíaeldis. Þá felur hún ekki í sér nýtingu náttúruauðlinda eða aukna úrgangsmýndun.

Að mati Skipulagsstofnunar kunna áhrif af notkun koparoxíðs sem ásætuvarnar fyrst og fremst að felast í hugsanlegri uppsöfnun kopars í botnseti sem getur haft skaðleg áhrif á botndýralíf og ástand sjávar á tilteknum svæðum.



Talið er að lífríki í sjónum stafi ekki hætta af völdum þungmálma í náttúrulegum styrk. Styrkur kopars í seti á Íslandi er breytilegur en almennt nokkuð hár samanborið við önnur lönd.¹ Í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru sett umhverfismörk fyrir málma í sjávarseti hér við land. Þar eru efri mörk náttúrulegra gilda skilgreind á bilinu 70-250 mg/kg. Styrkur undir 70 mg/kg flokkast sem lág eða mjög lág gildi.

Styrkur kopars í seti í Patreks- og Tálknafirði hefur mælst á bilinu 26,9-45,4 mg/kg, sbr. vöktun Arnarlax við Eyri 2018 og 2020, Laugardal 2019 og vöktun Arctic Sea Farm við Hvannadal og Kvígindisdal 2019.

Með tilliti til umsagnar Umhverfisstofnunar og með hliðsjón af fyrirhugaðri vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum, þ.m.t. mögulegum viðbrögðum og inngripum leyfisveitenda ef tilefni er til, telur Skipulagsstofnun að notkun ásætuvanna sem innihalda koparoxíð sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er vikið að staðsetningu sýnatökustöðva vegna þeirra mælinga á styrk kopars í botnseti sem þegar hafa farið fram. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun við útfærslu vöktunar og staðsetningu sýnatökustöðva til að tryggja að botn sé vaktaður þar sem líklegast er að uppsöfnun á kopar eigi sér stað.

Skipulagsstofnun telur rétt að í starfsleyfi séu skýr ákvæði um hvernig vöktun og samráði við Umhverfisstofnun skuli vera háttáð sem og hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo heimilt sé að nota á ásætuvannir sem innihalda koparoxíð.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. febrúar 2021.

Reykjavík, 14. janúar 2021.

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir

¹ Davíð Egilson, Elísabet D. Ólafsdóttir, Eva Yngvadóttir, Helga Halldórsdóttir, Flosi Hrafn Sigurðsson, Gunnar Steinn Jónsson, Helgi Jenson, Karl Gunnarsson, Sigurður A. Práinsson, Andri Stefánsson, Hallgrímur Daði Indriðason, Hreinn Hjartarson, Jóhanna Thorlacius, Kristín Ólafsdóttir, Sigurður R. Gíslason og Jörundur Svavarsson, 1999. Mælingar á mengandi efnum á og við Ísland. Niðurstöður vöktunarmælinga. Starfshópur um mengunarmælingar, mars 1999, Reykjavík. 138 bls.